

til þingsályktunar um notkun sandgræðslugirðingar í Gunnarsholti.

Flutningsm.: Einar Jónsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta rannsaka og gera áætlun um kostnað við byggingu barnahælis og stofnun kúabús í Gunnarsholti og íhuga jafnframt, hvort tiltækilegt þætti að haga byggingum barnahælis á þann hátt, að nothæfar yrðu til skólahalds að vetri, t. d. fastaskóla til barnafræðslu eða unglingaskóla.

Kostnað við rannsókn þessa skal greiða úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Um eyðijarðirnar Gunnarsholt og Brekkur í Rangárvallahreppi, er nýlega orðu eign ríkissjóðs, var á síðastliðnu sumri sett upp sandgræðslugirðing, nálægt 20 km. að lengd. Jarðir þessar hafa legið undir stórfeldum sandágangi. Haglendi Brekkna að mestu eyðilagð, en tún og bæjarstæði Gunnarsholts horfið í svartan sand. Enn eru þó óskemd svæði, frjósöm og notadrjúg, í löndum jarðanna, svo sem Gunnarsholtsveita og leifar af Brekknaheiði og Brekknatúni.

Reynsla annara sandgræðslugirðinga gefur og góða von um það, að gróður aukist, en eyðing sje lokið, ef vel er um girðinguna annast.

Þar sem nú graslendi jarðanna er friðað fyrir ágangi fjenaðar, myndi í flestum árum mögulegt að heyja þar 1500—2000 hesta — alt kúgæft hey, ef slegið væri árlega. — En hjer eru staðhættir þannig, að slægjur eru ekki eftirsóttar nema í grasleysisárum. Yrði því um rýrar og óvissar tekjur að ræða á þann hátt, en beint eða óbeint þurfa tekjur að fást af jörðunum, svo dýrar sem þær eru orðnar.

Til ábúðar og frjálsra nota til alls myndi Gunnarsholtið verða þegið — þó tæplega fyrir svo hátt afgjald, er svarar vöxtum af höfuðstóli — en einkum yrði þar í vegi hin sjálfsagða kvöð, að banna yrði sauðfje í landið. Að hinu leytnu er samgöngum eigi svo háttáð enn á þessu svæði, að bændur sjái sjer fært að hafa kúabú eingöngu.

Sem glöggskygn maður og vel kunnugur öllu, sem hjer að lýtur, hefir Gunnl. Kristmundsson sandgræðslumaður, eftir rækilega íhugun, látið opinberlega það álit sitt uppi, að hagkvæmast myndi að stofna hjer barnahæli og setja upp kúabú samhliða því. Í tilefni af þessu er tillagan flutt. Og fari svo, að hinu háa Alþingi virðist þessi leið fær og ráðist yrði í byggingu barnahælis, er starfrækt yrði að sumrinu, liggur það ljóst fyrir, hversu afarnaúdsynlegt það væri að hafa not húsanna og afurða búans, einnig að vetrinum, og er þá fræðslustofnun, fyrir yngri eða eldri, nauðsynlegasti þiggjandinn.